

2022 nr. 93 18. ágúst**Forsetaúrskurður um sendiráð, fasta-
nefndir hjá alþjóðastofnunum og aðalræð-
isskrifstofur**

Tók gildi 20. ágúst 2022.

Samkvæmt tillögu utanríkisráðherra og með vísan til 4. gr. laga nr. 39/1971, um utanríkisþjónustu Íslands, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. a. Sendiráð skulu vera í Berlín, Brussel, Freetown, Genf, Helsinki, Kampala, Kaupmannahöfn, Lilongwe, London, Moskvu, Nýju-Delí, Ottawa, Ósló, París, Peking, Stokkhólmi, Tókýó, Varsjá, Vín og Washington. Sendiráðin í Genf, London, París og Vín skulu jafnframt gegna hlutverki fastanefnda gagnvart nánar tilteknum alþjóðastofnunum sem Ísland á aðild að.

b. Fastanefndir skulu vera í Brussel, New York, Róm og Strassborg. Fastanefndin í New York skal jafnframt gegna hlutverki sendiráðs gagnvart nánar tilteknum ríkjum.

c. Aðalræðisskrifstofur skulu vera í New York, Nuuk, Winnipeg og Þórshöfn.

2. Umdæmi sendiráða skulu vera sem hér segir:

a. **Berlín.** Auk Þýskalands skal umdæmi sendiráðsins vera Tékkland.

b. **Brussel.** Auk Belgíu skal umdæmi sendiráðsins vera Holland, Lúxemborg og San Marínó. Sendiráðið skal gegna hlutverki sendiskrifstofu gagnvart Evrópusambandinu (EU).

c. **Freetown.** Umdæmi sendiráðsins skal vera Síerra Leóne.

d. **Genf.** Auk Sviss skal umdæmi sendiráðsins vera Liechtenstein og Páfagarður. Sendiráðið skal gegna hlutverki fastanefndar gagnvart Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Genf (UNOG), Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO), Alþjóðafjarskiptasambandinu (ITU), Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO), Alþjóðaveðurfræðistofnuninni (WMO) og Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO).

e. **Helsinki.** Auk Finnlands skal umdæmi sendiráðsins vera Eistland, Lettland og Litáen.

f. **Kampala.** Umdæmi sendiráðsins skal vera Úganda.

g. **Kaupmannahöfn.** Auk Danmerkur skal umdæmi sendiráðsins vera Ástralía og Tyrkland.

h. **Lilongwe.** Umdæmi sendiráðsins skal vera Malaví.

i. **London.** Auk Bretlands skal umdæmi sendiráðsins vera Írland og Malta. Sendiráðið skal gegna hlutverki fastanefndar gagnvart Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO).

j. **Moskva.** Auk Rússlands skal umdæmi sendiráðsins vera Armenía, Belarús, Kasakstan, Kirgistan, Moldóva, Tadsíkistan, Túrkenistan og Úsbekistan.

k. **Nýja-Delí.** Auk Indlands skal umdæmi sendiráðsins vera Nepal og Srí Lanka.

l. **Ottawa.** Auk Kanada skal umdæmi sendiráðsins vera Kosta Ríka.

m. **Ósló.** Auk Noregs skal umdæmi sendiráðsins vera Grikkland og Pakistan.

n. **París.** Auk Frakklands skal umdæmi sendiráðsins vera Andorra, Ítalía, Líbanon, Mónakó, Portúgal og Spánn. Sendiráðið skal gegna hlutverki fastanefndar gagnvart Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) í París og Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) í París.

o. **Peking.** Auk Kína skal umdæmi sendiráðsins vera Mongólía, Taíland og Víetnam.

p. **Stokkhólmur.** Auk Svíþjóðar skal umdæmi sendiráðsins vera Kýpur og Nýja-Sjáland.

q. **Tókýó.** Auk Japans skal umdæmi sendiráðsins vera Filippseyjar, Indónesía, Tímor-Leste, Singapur og Suður-Kórea. Sendiráðið skal gegna hlutverki sendiskrifstofu gagnvart Sambandi Suðaustur-Asíuríkja (ASEAN) í Jakarta.

r. **Varsjá.** Auk Póllands skal umdæmi sendiráðsins vera Búlgaría, Rúmenía og Úkraína.

s. **Vín.** Auk Austurríkis skal umdæmi sendiráðsins vera Króatía, Slóvenía, Slóvakía og Ungverjaland. Sendiráðið skal gegna hlutverki fastanefndar gagnvart Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (OSCE), skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Vín (UNOV), Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni (IAEA) og skrifstofu samningsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn (CTBTO).

t. **Washington.** Auk Bandaríkjanna skal umdæmi sendiráðsins vera Argentína, Brasilía, Chile og Mexíkó.

3. Fyrirsvar fastanefnda skal vera sem hér segir:

a. **Brussel.** Fastanefndin skal fara með fyrirsvar gagnvart Atlantshafsbandalaginu (NATO) og stofnunum tengdum því.

b. **New York.** Fastanefndin skal fara með fyrirsvar gagnvart Sameinuðu þjóðunum (UN) í New York. Jafnframt skal fastanefndin gegna hlutverki sendiráðs og skal umdæmi þess vera Dóminíska lýðveldið og Kúba.

c. **Róm.** Fastanefndin skal fara með fyrirsvar gagnvart Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) og Alþjóðasjóði um þróun landbúnaðar (IFAD).

d. **Strassborg.** Fastanefndin skal fara með fyrirsvar gagnvart Evrópuráðinu (CoE).

4. Umdæmi aðalræðisskrifstofa skal vera sem hér segir:

a. **New York.** Auk New York-ríkis skal umdæmi aðalræðisskrifstofunnar vera ríkin Connecticut, New Jersey og Rhode Island.

b. **Nuuk.** Umdæmi aðalræðisskrifstofunnar skal vera Grænland.

c. **Winnipeg.** Umdæmi aðalræðisskrifstofunnar skal vera fylkið Manitoba, fylkið Saskatchewan, að undanskilinni borginni Regina, og fylkið Alberta, að undanskildum borgunum Calgary og Edmonton.

d. **Þórshöfn.** Umdæmi aðalræðisskrifstofunnar skal vera Færeyjar.

5. Utanríkisráðuneytið fer með fyrirsvar gagnvart öðrum alþjóðastofnunum og ríkjum sem Ísland hefur stjórnálag samband við, m.a. með skipun sendiherra eða fastafulltrúa með búsetu í Reykjavík eftir því sem ástæða er til.

Úrskurður þessi öðlast þegar gildi. . . .